



Bæjarstjórn Kópavogs
Digranesvegj 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 19. september 2025

Varðar: Brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Ný brunavarnaáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið var samþykkt af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun þann 16. september sl. og af stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins fyrr í dag. Stefnt er að formlegri undirritun áætlunarinnar í október en gildistími hennar er ráðgerður frá nóvember 2025 til október 2030.

Brunavarnaáætlun er stefnumótun fyrir SHS til fimm ára í senn. Skv. 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 skal liggja fyrir brunavarnaáætlun á hverju starfssvæði slökkviliðs til þess að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum um brunavarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Brunavarnaáætlunin skal samþykkt af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og viðkomandi sveitarstjórn. Áætlunin verður undirrituð þegar samþykki allra viðkomandi sveitarstjórna liggur fyrir.

Undirritaður óskar hér með eftir því að bæjarstjórn taki brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins til afgreiðslu og er ljúft og skylt að koma til fundar til þess að kynna hana svo bæjarfulltrúar verði upplýstir um það hvernig staðið er að því að uppfylla skyldur sveitarfélagsins skv. lögum og reglugerðum varðandi brunavarnir.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins
(*rafræn undirritun á næstu síðu*)

Meðfylgjandi: Brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins nóvember 2025 – október 2030.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík – Sími 528 3000

www.shs.is – shs@shs.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026

f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
Jón Viðar Matthíasson